

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- a. Í a-lið 1. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „1.400“ fjárhæðin „1.800“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
- b. Í b-lið 1. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „500“ fjárhæðin „600“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
- c. Í a-lið 3. töluliðar 1. mgr. komi í stað orðanna „1.000 kr.“ orðin „1.500 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
- d. Í b-lið 3. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „300“ orðin „500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
- e. Í 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „5.000“ fjárhæðin „6000“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

- a. Í 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „12.000“ fjárhæðin „18.000“.
- b. Í 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „3.000“ fjárhæðin „4.500“.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

- a. Í a-lið 5. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „500“ fjárhæðin „600“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
- b. Í b-lið 5. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „300“ fjárhæðin „400“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
- c. Í a-lið 7. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „400“ orðin „500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
- d. Í b-lið 7. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „100“ orðin „1/9 af gjaldi skv. a-lið 3. töluliðar 6. gr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 6.000“.
- e. Í 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „5.000“ fjárhæðin „6.000“.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2001 skulu greiðslur sjúkratryggðra skv. 1. mgr. 8. gr. og lífeyrisþega skv. 3. mgr. 8. gr. vegna heilbrigðisþjónustu teljast til öflunar afsláttarskírteinis skv. 8. gr. í réttu hlutfalli af þeim fjárhæðum sem giltu fyrir það tímabil (12.000 kr. og 3.000 kr.). Á sama hátt skulu greiðslur sjúkratryggðra skv. 1. mgr. 8. gr. og lífeyrisþega skv. 3. mgr. 8. gr. vegna heilbrigðisþjónustu á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2001 teljast til öflunar

afsláttarskírteinis í réttu hlutfalli af þeim fjárhæðum sem gilda fyrir það tímabil (18.000 kr. og 4.500 kr.). Þegar samanlagt hlutfall skv. 1. og 2. ml. nær 100% veitir það rétt til afsláttarskírteinis skv. 8. gr., sbr. 9. gr., sem gildir til ársloka 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 115 frá 13. febrúar 2001
um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.**

1. gr.

Eftirfarandi viðauki kemur í stað fyrri viðauka:

VIÐAUKI

**við reglur um viðskipti bindiskyldra
lánastofnana við Seðlabanka Íslands.**

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið með vísan til reglna um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, nú nr. 115 frá 13. febrúar 2001, að eftirfarandi verðbréfaflokkar séu hafir til endurhverfra verðbréfaviðskipta og sem trygging vegna daglána til viðkomandi lánastofnana:

RIKS 02 0401	IBH 21 0115
RIKS 03 0210	IBH 22 1215
RIKS 04 0410	IBH 26 0315
RIKS 05 0410	IBH 36 0115
RIKS 10 0115	IBH 37 1215
RIKS 15 1001	IBH 41 0315
Innstæðubréf SÍ	IBN 20 0101
Ríkisvígslar	IBN 38 0101
Ríkisbréf	LAND 97 1
IBH 16 0115	LAND 98 1
IBH 18 0415	STOL 98 1A
IBH 20 0115	

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/2001, taka gildi 1. júlí 2001. Jafnframt fellur úr gildi eldri viðauki við reglur nr. 115 frá 13. febrúar 2001.

Reykjavík, 28. júní 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.